



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 1.tbl.

Janúar 2017

Þorrablót Gnúpverja verður haldið í Árnesi föstudaginn 20. janúar 2017.

Húsið opnað kl: 20:00 og
dagskráin hefst kl: 20:45

- Miðaverð: 6.500,- Miðapantanir:

Bente s: 892 0626

Bjarni s: 862 4917



Pantanir þurfa að berast fyrir þriðjudagskvöldið 17. jan.
Fólk er beðið um að stilla miðapöntunum í hóf.

Afhending miða fer fram í Árnesi fimmtudaginn 19.jan.
milli kl. 18:00 og 20:00.

Hægt er að greiða miðana með því að leggja inn á
reikningsnr: 0325-26-1243 kennitala: 181286-3699.

Munið að senda kvittun á netfangið josefine@tolt.nu

Ath. Þetta er pokaball þar sem ekki er bar í húsinu.
Gos verður ekki selt á staðnum.



**Hljómsveitin Bland
spilar á ballinu! ☺**





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. febrúar. 2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

S: 486-5505

Byrjum nýtt ár vel og lesum til gagns!☺



Netfang bokasfn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. [432-2770](tel:4322770)

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi [432-2000](tel:4322000)

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi [1700](tel:1700)

Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Reiðnámskeið í Reiðhöllinni á Flúðum!



Hans Þór Hilmarsson tamningarmaður og reiðkennari verður með reiðtíma í reiðhöllinni annan hvern mánudag. Kennt verður frá kl. 16:00 og fram á kvöldið. Hægt er að fá hálf tíma einkakennslu eða tveir saman í klukkutíma. Boðið verður upp á fimm skipti, námskeiðið byrjar 6. febrúar. Verð fyrir hálf tíma einkakennslu er 4000 kr og 8000 kr fyrir klukkutíma. Skráning fer fram á smari@smari.is skráningu lýkur 1.febrúar.

Hans Þór Hilmarsson er útskrifaður tamningarmaður og reiðkennari frá Hólum, hann starfar við tamningar og þjálfun ásamt unnustu sinni Söru Rut Heimisdóttur á Kílhrauni.

Hans eða Hansi hefur tamið og þjálfað mörg af fremstu hrossum landsins ásamt að hafa verið framarlega á kynbótabrautinni og keppnisbrautinni á síðustu árum.



Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Í Þjórsárskóla vantar starfskraft um ca 2ja mánaða skeið í afleysingar.

Starfskraftur óskast tímabundið í 100 % starf við Þjórsárskóla frá 1 febrúar í a.m.k. 2 mánuði. Um er að ræða starf við ræstingar og gæslu. Launakjör samkvæmt FOSS. Nánari upplýsingar veitir Bolette Hoeg Koch Skólastjóri Þjórsárskóla í síma 486-6000 og 895-9660

netfang bolette@thjorsarskoli.is

Umsóknarfrestur til 25 janúar.
Skólastjóri.




Hjónaballið í Brautarholti!
verður haldið laugardaginn
18. mars 2017. Takið daginn frá.
Nánar auglýst þegar nær dregur.
Hjónaballsnefndin



Ó syng þínum Drottni!

Geisladiskur sameiginlegs kórs Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna sem gefinn var út um síðustu jól er til sölu í Sunnlenska Bókakaffinu á Selfossi, Bókabúð Máls- og menningar, Laugavegi 18 Rvík., Lyfju Laugarási, Þorbjörgu Jóhannsdóttur, organista og Kristjönu Gestsd. 863-9518. Efni disksins eru valdir sálmar eftir sr. Valdimar Briem sem kórinn syngur og orgelverk sem Haukur Guðlaugsson leikur á orgelið í Skálholti. Katrín Briem teiknaði myndir við sálmana í textahefti sem fylgir og mynd á forsíðu disksins er málverk af sálmaskáldinu, eftir Ásgrím Jónsson, listmálara.



Fulltrúar Viðlagatryggingar Íslands

heimsóttu Skeiða og Gnúpverjahrepp á dögum, en heimsóknin var liður í átaki stofnunarinnar til að bæta þekkingu á hlutverki stofnunarinnar og skráningu opinberra mannvirkja í eigu sveitarfélaganna sem váttryggð eru hjá VTÍ.

Fundarmenn áttu góðar og markvissar samræður um váttryggingavernd mannvirkja í eigu sveitarfélagsins og um mikilvægi þess að skráð verðmæti þeirra sé uppfært reglulega til að tryggja að eignirnar séu váttryggðar að fullu áður en váttryggingaratburður á sér stað.

Einnig var rætt um mikilvægi samvinnu sveitarfélagsins og VTÍ til að stuðla að markvissri endurbyggingu sveitarfélagsins ef til tjónsatburðar kemur.

Á fundinum var rætt um mikilvægi þess að íbúar séu meðvitaðir um hvort váttryggingavernd þeirra sé í lagi. Fram kom á fundinum að ef innbú er váttryggt almennri lausafjártryggingu hjá váttryggingafélagi rennur hluti iðgjaldsins til VTÍ og tryggir þannig váttryggingavernd innbúsins komi til tjóns af völdum jarðskjálfta, eldgosa, vatns-, aur- eða snjóflóða skv. skilgreiningum laga um VTÍ (55/1992). Ef slík váttrygging er ekki til staðar greiðast engar bætur vegna innbús ef til tjóns kemur.

Allar fasteignir eru hins vegar skylduváttryggðar gegn náttúruhamförum og eru iðgjöldin innheimt samhliða brunatryggingum fasteigna hjá almennu váttryggingafélögunum.



BAÐSTOFUKVÖLD Á FLÚÐUM.

3. FEBRÚAR 2017



Vörðukórinn stendur fyrir baðstofukvöldi í Félagsheimili Hrunamanna föstudagskvöldið 3. febrúar 2017 kl:20,30. Fjölbreytt dagskrá. Krásir í hléi sem gleðja munu matgæðinga. Takið kvöldið frá því um mikinn menningarviðburð er að ræða eins og alltaf. Nánari auglýsingu verður dreift síðar.

Vörðukórinn.



Ný lög um húsaleigubætur!

Þann 1. janúar 2017 munu ný lög um húsnæðisbætur taka gildi og Greiðslustofa húsnæðisbóta tekur við því hlutverki að greiða húsnæðisbætur fyrir landið allt. Þjónustuskrifstofan verður staðsett á Sauðárkróki og hóf hún formlega starfsemi 16. nóvember s.l..

Opið er fyrir umsóknir.

Þá er einnig búið að opna heimasíðu með upplýsingum og reiknivél fyrir húsnæðisbætur: www.husbot.is En einnig er hægt að nota:

www.husnaedisbaetur.is

Stuðningur vegna leigu yngri en 18 ára leigjenda á heimavistum og námsgörðum verður áfram hjá sveitarfélaginu.

HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar. Um leið og ég þakka góðar stundir á árinu 2016 leyfi ég mér að birta á þessum vettvangi lokaorð úr áramótaræðu sem flutt var á gamlársglæði:

Í einhverri snjöllustu ljóðabókinni sem út kom fyrir þessi jól yrkir Sigurður Pálsson:

Hvað sem hver segir
byggir friður á réttlæti
hvað sem hver segir
er fegurðin ekki skraut
heldur kjarni lífsins
Já gefðu mér rödd
gefðu mér spámannsrödd
til að bera fegurðinni vitni
Gefðu mér rödd
til að bera réttlætinu vitni

Skilaboðin eru skýr: Fegurðin er ekki skraut heldur kjarni lífsins. Raddir fegurðar og réttlætis þurfa meira rými í samfélagi okkar Íslendinga. Og iðkun. Megi árið 2017 verða farvegur fyrir okkur öll til slíkrar iðkunar. Hvað skiptir mestu? Í hverju felst hamingja og gott líf? Nýtt ár rennur upp með nýjum tækifærum og margt úr gamla árinu tókum við með okkur. Sorgir, sigrar, velgengni, mistök. Nýtum það til góðs, til uppbyggingar, lærdóms og þroska. Kæru vinir. Kirkjan er og verður staðurinn til að ná sambandi, kyrrð og ró, sálarró. *Gott er að biða hljóður eftir hjálp Drottins*, segir í Ljóðaljóðum Biblíunnar. Og það er mikilvægt sem aldrei fyrr. Af því að innra með okkur er uppspretta fegurðar, friðar og réttlætis. Guð gefi þér og þínum, samfélagi okkar, landi og þjóð, gleðilegt nýtt ár.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Framundan í helgihaldinu (ath. dagskrá helgihaldsins á vormisseri verður dreift í öll hús í prestakallinu fljótlega):



22. jan.: *Fjölskylduguðspjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og kvöldmessa með léttri tónlist í Hrunakirkju kl. 20:30.

5. feb.: *Fjölskylduguðspjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11.

19. feb.: *Guðspjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og messa í Hrunakirkju kl. 14.

12. mars: *Messa unga fólksins* í Hrunakirkju kl. 11.

26. mars: *Messa* í Hrunakirkju kl. 14. Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna syngur.

14. apríl – föstudagurinn langi: *Passíusálmalestur* í Hrepphólakirkju frá kl. 13.

16. apríl – páskadagur: *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8, *hátíðarmessa* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *hátíðarmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 14.

20. apríl – sumardagurinn fyrsti: *Fjölskylduguðspjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11. Lok barnastarfs.

30. apríl: *Messa* í Hrunakirkju kl. 14. Tvennir tímar syngja.

Allar upplýsingar um kirkjustarfið má finna á heimasíðu prestakallsins, hruni.is og á [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall)

Tilkynning frá Stóra-Núpskirkju

Miklar viðhaldsframkvæmdir eru hafnar við Stóra-Núpskirkju, að innverðu, en til stendur að laga allt tréverk, bólstra bekk, heilmála kirkjuna, einangra gólf og gera ýmsar breytingar vegna brunavarnarreglugerðar sem stangast þó ekki á við friðlýsingu hússins. Verkáætlun er upp á tæpt ár og því verður ekki hægt að nota kirkjuna um sinn en vonast er þó til að jólamessan í ár verði þar á sínum stað. Með góðum nýárskveðjum frá sóknarnefndinni og hlökkum til að hittast þar næst. Ámundi, Daði og Kidda.

Á Döfinni hjá Æskulýðsnefnd

Fræðslufundur á Kaffi-Sel með Rósu Birnu Þorvaldsdóttur reiðkennara 13. janúar. Hefst kl. 19:00. Pizzaveisla í boði félagsins

Námskeið fyrir börn og unglinga í Reiðhöllinni á Flúðum. Kennari Rósa Birna Þorvaldsdóttir

6.febrúar, 20. febrúar

6. mars, 20. mars

3. apríl, 17. apríl

Skráning á smarakrakkar@gmail.com



Uppsveitadeild Æskunnar í Reiðhöllinni á Flúðum.

30. janúar Undirbúningsfundur

25. febrúar – þrigg., fjórgg., fimi (21. feb. æfingatími)

18. mars – fjórgg., tólt, fimmg. (14. mars æfingatími)

8. apríl - smali, skeið (7. apríl æfingatími)

Reiðskóli fyrir byrjendur

í Vorsabæ II. Leiðbeinandi Elin Moqvist

Vikulega og hefst 28. mars, 6 skipti og lýkur 3. maí.

Hestheimaferð

27. – 28. maí

Birt með fyrirvara um breytingar.

Allir viðburðir æskulýðsnefndar eru auglýstir á fésbókarsíðu Smarakrakka.

Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Smára



Leikskólinn Leikholt

Fréttabréf Leikholts í janúar

Leikskólinn opnaði 2. janúar og byrjaði aftur af krafti með sitt öfluga starf. Ný börn byrja núna á vorönninni og var því ráðinn inn nýr leikskólakennari, hún Þórdís Bjarnadóttir (Dísa) fram að sumarfríi. Einnig byrjaði hún Andrea Yr Úlfhéðinsdóttir hjá okkur eftir áramót og leysir af vegna veikindaleyfis í 5 vikur. Við bjóðum nýju starfsmennina velkomna til starfa ásamt nýju börnunum.

Framkvæmdir hafa verið í húsinu, nokkur herbergi máluð, trélistar settir upp á milli jóla og nýárs og núna í janúar er verið að laga og lakka parketið í salnum. Það hlakka allir til að fá afnot af salnum aftur, enda vinsælt svæði í leikskólanum. Leikskólinn Leikholt óskar öllum gleðilegs nýs árs og þakkar allar liðnar stundir ☺

Gleðilegt nýtt ár



þökkum liðnar stundir

Staða framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar

Verktökum fjölgar á verkstað

Framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar fara vel af stað eftir stutt frí verktaka yfir jól og áramót. Á síðasta ári fór fjöldi starfsmanna á verkstað upp í um 150 manns og voru þeir langflestir á vegum byggingaverktakans ÍAV Marti. Þar af var um helmingur erlendir starfsmenn og voru Slóvakar þar fjölmennastir en þeir störfuðu einkum við jarðgangavinnu. Á næstu vikum bætast við starfsmenn á vegum framleiðanda vél- og rafbúnaðar, auk loka og þrýstivatnspípa. Má gera ráð fyrir að heildarfjöldi á verkstað fari upp í tæplega 200 manns með haustinu en eftir það fer starfsmönnum fækkandi á ný.

Öryggismál í fyrirrúmi

Þann 4. desember síðastliðinn hélt ÍAV Marti upp á hátíð heilagrar Barböru en hún er verndari þeirra sem vinna við jarðvinnu ýmis konar, svo sem jarðgangnagerð, malargerð, vegagerð og jarðyrkju.

Haldin var hátíðleg athöfn í aðkomugöngum þar sem lofgjörð var flutt og líkneski heilagrar Barböru komið þar fyrir til verndar starfsmönnum við framkvæmd.

Athöfnin var einstaklega falleg og til áminningar um það mikilvæga

öryggisstarf sem er unnið á verkstað til að fylgja eftir núllslysastefnu sem Landsvirkjun leggur mikla áherslu á í sínum verkefnum.

Neðanjarðargrefti að mestu leyti lokið

Byggingaframkvæmdir á verkstað hafa undanfarið einkum verið neðanjarðar en neðanjarðargrefti er nú að mestu lokið. Framkvæmdir sem voru við aðrennslisskurð eru komnar í vetrarstopp en þar er búið að moka út um 70% af áætluðu magni. Ístak undirverktaki ÍAV Marti hefur séð um þennan verkþátt og mun hann hefja þar aftur störf í vor.

Búið er að bora bæði kapal- og fallgöng en þau eru hvort um sig rúmlega 100 metrar á lengd. Borun þessara ganga var gerð með því að boruð var lóðrétt stýrihola niðurá við og að því loknu um 6 m borkróna (vegna fallgangna) fest við öxul neðst í göngunum og borinn dreginn upp á við þannig að borað var uppá við og efni sem til féll við borun féll niður á við og því síðan þaðan ekið út úr göngunum. Aðkomu- og frárennslisgöng eru nú komin í fulla lengd en það eru samtals um 650 metrar.

Áfram verður unnið við gröft á frárennslisskurði en sú vinna er ekki krefjandi tímalega einsog neðanjarðar framkvæmdirnar.



Athöfn ÍAV Marti á hátíð heilagrar Barböru í aðkomugöngum (04.12.2016)



Framkvæmdir í stöðvarhúshvelfingu (07.12.2016)


Pungaflutningar framundan í febrúar

Stálfóðringar fallganga verða fluttar frá Þorlákshöfn á verkstað fyrirhluta febrúarmánaðar og munu þeir flutningar væntanlega ekki fara framhjá þeim sem þá verða á ferli. Sérhver eining eru 6 metrar á þvermál og 6 metrar á lengd og er fjöldi eininga 20 stykki. Uppsetning stálfóðringanna hefst strax og þær koma á verkstað í febrúar. Verkið er nokkurn veginn á áætlun en viðvarandi pressa er sökum þröngs tímaramma. Áætlað er að gangsetja virkjunina í lok maí 2018 en þá mun taka við frágangsvinna og landmótun á svæðinu. Meðfylgjandi myndir eru frá vettvangsferð sveitastjóra og oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps á verkstað framkvæmda þann 14.

desember síðastliðinn.

< Oddviti virðir fyrir
sér nýboruð kapalgöng
(14.12.2016)

Með góðri kveðju.
Ásbjörg Kristinsdóttir
Forstöðumaður,
framkvæmdasviðs.



Oddviti og sveitastjóri á leið inn að stöðvarhúshvelfingu í fylgd Jóns Smára verkefnisstjóra (14.12.2016)

37. Sveitarstjórnarfundur Skeiða-og Gnúpverjahrepps, haldinn í Árnasi miðvikudaginn 4. janúar 2017 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að einu máli yrði bætt á dagskrá. Mál 26. Íslenska fyrir útlendinga. Var það samþykkt.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Lögreglustjórinn á Suðurlandi. Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri á Suðurlandi mætti til fundarins ásamt Oddi Árnasyni yfirlögregluþjóni og Víði Reynissyni verkefnastjóra almannavarna hjá embættinu. Þeir munu heimsækja allar sveitarstjórnir á Suðurlandi á yfirstandandi vetri. Kjartan sagði frá umfangi og verkefnum embættisins. Embættið fékk til rekstrarins um 706 mkr framlag úr ríkissjóði á árinu 2016. Fjöldi lögreglumanna er 1,7 á hverja 1000 íbúa. Gerð hefur verið krafa um að fjárveitingin verði aukin um 200 mkr. Er það mjög brýnt svo að umferðareftirlit verði sinnt með viðunandi hætti að sögn Kjartans. Kjartan fór yfir helstu verkefni embættisins. Meðal annars, umferðareftirlit, átak gegn heimilisofbeldi og fleira. Hann ræddi um skyldur sveitarstjórnarmanna samkvæmt Almannavarnarlögum. Víðir Reynisson ræddi um almannavarnarmál, hann sagði frá fræðslustarfi og æfingum. Hann ræddi um getu almannavarna og lögreglu til að takast á við samfélagsleg áföll. Auk þess ræddi hann um gerð viðbragðsáætlana sveitarfélaga á svæðinu og úrbætur á fjarskiptasambandi. Unnið er að greiningu fjarskiptasambands með Póst – og fjarskiptastofnun. Kjartan sagði frá hugmyndum um íbúafundi um skipulag Almannavarna. Oddur Árnason sagði frá viðbrögðum við flóðahættu.
2. Skipulagsstofnun. Álit um mat umhverfisáhrifa Búrfellslundar. Lögð var fram skýrslan „Búrfellslundur álit um mat á umhverfisáhrifum“ Undirrituð af Ásdísi Hlökk Theódórsdóttur og Hólmfríði Bjarnadóttur. Í skýrslunni kemur fram að Skipulagsstofnun telur vera tilefni til að endurskoða áform um uppbyggingu 200 MW vindorkuvers við Búrfell. Niðurstöður um mikil umhverfisáhrif gefa, að mati stofnunarinnar, tilefni til að skoða hvort önnur landsvæði henta betur fyrir uppbyggingu af þessu tagi og umfangi. Að mati stofnunarinnar er þörf á ítarlegra mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Lagt fram og kynnt. Sveitarstjórn lýsir ánægju með gerð skýrslunnar.
3. Kæra til Þjóðskrár vegna fasteignamats á vindmyllum. Lagt var fram bréf frá Þjóðskrár undirritað af Guðjóni Steinssyni. Í janúar 2016 var útgefið fasteignamat á Vindmyllum á Hafinu fnr. 220-2843 kært fyrir hönd sveitarfélagsins af Ívari Pálssyni hrl. Í áður nefndu bréfi er tilkynnt ákvörðun Þjóðskrár að fasteignamatið standi óbreytt. Í bréfinu kemur fram að unnt sé að biðjast rökstuðnings fyrir matinu. Lagt var fram afrit af bréfi frá Ívari Pálssyni þar sem óskað er eftir rökstuðningi Þjóðskrár fyrir því að fasteignamat vindmyllnanna standi óbreytt. Sveitarstjórn lýsir undrun sinni á að vindmyllurnar skuli vera svo lágt metnar sem raun ber vitni. Enginn vafi leikur á að matið er langt undir stofnkostnaði mannvirkjanna.

4. Umræður um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga. Oddviti greindi frá umræðum sem átt hafa sér stað um kosti og galla á sameiningum sveitarfélaga. Fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa tekið þátt í umræðum við tvo hópa af þessu tilefni. Annars vegar um sameiningu allrar Árnessýslu og hins vegar um sameiningu sveitarfélaganna, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps, Rangárþings Ytra, Ásahrepps og Rangárþings Eystra. Í fyrrnefnda hópnum verður haldinn fundur 16. janúar nk. Á fundi síðarnefnda hópsins var samþykkt að leita eftir því við sveitarstjórnir tilheyrandi sveitarfélaga að þær taki afstöðu til þátttöku í verkefninu og eftir atvikum skipi tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem verður kölluð saman fyrir lok janúar 2017. Samþykkt samhljóða að taka þátt í verkefninu. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að skipa Gunnar Örn Marteinsson og Björgvin Skafta Bjarnason í samstarfsnefndina fyrir hönd sveitarfélagsins.
5. Styrkur til foreldra nýfæddra barna. Sveitarstjóra falið að útfæra styrk/viðurkenningu til foreldra nýfæddra barna.
6. Nefndir sveitarfélagsins. Oddviti greindi frá breytingum á nefndum sveitarfélagsins. Meike Witt hefur óskað eftir að láta af formennsku í Skólanefnd. Oddviti lagði til að Einar Bjarnason varaoddviti tæki við formennsku í skólanefnd. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða afsögn Meike og kjör Einars í hennar stað. Oddviti greindi einnig frá því að Einar Bjarnason óskaði eftir að láta af formennsku í atvinnumálanefnd sveitarfélagsins. Oddviti lagði fram tillögu um að Bjarni Hlynur Ásbjörnsson tæki við formennsku í Atvinnumálanefndinni. Framlögð breyting á skipan í Atvinnumálanefnd samþykkt samhljóða. Meike Witt óskar eftir að láta af setu í Ferðamálaráði uppsveita. Var það samþykkt. Samþykkt samhljóða að skipa Gunnar Örn Marteinsson í hennar stað og Björgvin Skafta Bjarnason sem varamann í Ferðamálaráðið.
7. Afslættir ellilífeyrisþega á fasteignagjöldum. Sveitarstjóri lagði fram tekjuviðmið og tilheyrandi uppreikning vegna afsláttar ellilífeyrisþega fyrir árið 2017 samkvæmt hækkun vísitölu milli ára. Uppreikningurinn byggir á eldri samþykkt sveitarstjórnar. Samkvæmt tekjuviðmiðinu fá einstaklingar 67 ára og eldri með tekjur allt að 2.394.396 kr, 100 % afslátt af fasteignagjöldum. Sambúðarfólk með tekjur allt að 3.647.237 kr, 100 % afslátt. Afsláttur fasteignagjalda ellilífeyrisþega lækkar í þrepum að tekjum einstaklinga allt að 3.253.496 kr og hjá hjónum allt að 4.857.629 kr. Framlagt tekjuviðmið samþykkt samhljóða.
8. Sundlaugar gjaldskrá/opnunartímar 2017. Oddviti kynnti tillögu um opnunartíma og gjaldskrá sundlauga. 17 -66 ára einstaklingar greiði kr 900, 67 ára og eldri greiði 500 kr. 10 miða kort verði selt á kr 4.500. og 20 miða kort á kr 6.500. Opnunartímar verði janúar til 1. júní 2017 mánudaga og fimmtudaga frá kl 18:00-22:00.
9. Árnes útleiga. Útboð- ákvörðun um framvindu. Auglýst var í desember eftir tilboðum í félagsheimilið Árnes, tjaldsvæði og skólamötuneyti. Sveitarstjóra falið að auglýsa útboð ofangreindra eigna á ný.

10. Breytingar vegna nýrra laga um opinber innkaup. Sveitarstjóri kynnti breytingar vegna nýrra laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Meðal helstu breytinga laganna eru styttri tilboðsfrestir, styttri biðtími innanlands, sömu viðmiðunarfjárhæðir innanlands fyrir sveitarfélög og ríki. Skýrari reglur um innanhússamninga og breytingar á samningum. Lagt fram og kynnt.

Fundargerðir

11. Skipulagsnefnd. Fundargerð. 123 fundar. Mál nr. 17 þarfnast afgreiðslu.

Mál nr. 17. Hjólhýsabyggð í Þjorsárdal: Skriðufell Deiliskipulagsbreyting – 1612010. Tillaga lögð fram öðru sinni um breytingar á skilmálum deiliskipulags hjólhýsasvæðisins. Breytingin var samþykkt 3. sept 2014. Hún hlaut ekki formlegt gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Sveitarstjórn samþykkir að breytingin veðri auglýst að nýju skv 1. Mgr. 41. Gr. skipulagslag nr. 123/2010.

12. Skipulagsnefnd. Fundargerð 124 fundar. Mál nr. 15 og 16 þarfnast afgreiðslu.

Mál nr. 15. Hvammsvirkjun: Virkjun Þjorsár á móts við Skarðsfjall : Deiliskipulag 1509062. Lýsing deiliskipulags fyrir Hvammsvirkjun lögð fram öðru sinni. Sveitarstjórn samþykkir að lýsing deiliskipulagsins verði kynnt skv. 3. Mgr. 40. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16. Réttarholt A lnr. 166587. Ferðabjónusta : Deiliskipulag – 1612035. Umsókn um deiliskipulag fyrir landið Réttarholt A lnr 166587 þar sem afmarkaðir eru þrír byggingareitir. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar. Sveitarstjórn samþykkir ekki að svo stöddu að gert verði ráð fyrir öðru en byggingu smáhýsa til útleigu eins og sú lýsing á aðalskipulagsbreytingu sem nú er í kynningu gerir ráð fyrir.

13. Fundargerð 41. Fundar Stjórnar Bs Skipulags- og Byggfltr. Í fundargerð kemur fram að breyta skuli nafni byggðasamlagsins í Umhverfis – og tæknisvið Uppsveitar. Sveitarstjórn samþykkir nafnabreytinguna fyrir sitt leyti.

14. Fundargerð 21. Fundar stjórnar Bergrisans. Fundargerð lögð fram og kynnt.

15. Fundargerð 22. Fundar stjórnar Bergrisans. Fundargerð lögð fram og kynnt.

16. Fundargerð 19 fundar stjórnar Skóla – og velferðarþjónustu Árneshings
Fundargerð lögð fram og kynnt.

Umsagnir og samningar.

17. Umsögn um Br. á lögum um Líf.Sj. starfsm. Ríkisins. Bréf undirritað af Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga. Lagt fram og kynnt.

18. Sólheimar SES. Áskorun. Lagt fram og kynnt.

19. Þroskahjálp. Skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðum. Lagt fram og kynnt.

20. Ráðningarsamningur sveitarstjóra - oddvita. Máli frestað.

21. Fornleifaskráning. Lagður fram undirritaður samningur við Fornleifaskráningu ehf um skráningu fornminja í sveitarfélaginu. Samningur staðfestur.

22. Hólaskógur. Leigusamningur Extreme Iceland. Lagður fram undirritaður leigusamningur við Extreme Iceland um Hólaskóg. Samningur staðfestur.
23. Blesastaðir. Leyfi til gistingar, umsögn. Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn um rekstrarleyfi fyrir gististað að Blesastöðum 3. Beiðni undirrituð af Agli Benediktssyni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umbeðið rekstrarleyfi verði veitt.
24. Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Húsnæðiskostn. lögmkostn. Oddviti kynnti reglur Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings um greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti reglurnar. Einnig kynnti oddviti reglur þjónustunnar um sérstakan húsnæðisstuðning. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.
25. Ályktun tónlistarkennara. Lögð fram og kynnt.
26. Íslenskunám fyrir útlendinga. Fræðslunet Suðurlands stendur fyrir íslenskunámskeiði fyrir útlendinga. Kostnaður við slíkt námskeið nemur í heild ca 240 þkr. Líklegt er að Starfsmenntasjóður styðji verkefnið um 70 % af kostnaði. Samþykkt samhljóða að sveitarfélagið standi fyrir námskeiði fyrir útlendinga. Útgjöld rúmast innan fjárhagsáætlunar. Sveitarstjóra falið að auglýsa og undirbúa námskeiðið.

Mál til kynningar

- A. Heilbrigðisnefnd fundargerð 176. fundar.
- B. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30.11.16.
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 14.12.16.
- D. Fundargerð fundar stýrihóps um Aðalskipulag SKOGN.
- E. Kerfisáætlun, matslýsing.
- F. KPMG, endurskoðun.
- G. Tilnefning til menntaverðlauna. Rökstuðningur.
- H. Fundargerð 103. fundar Samstarfsn. SÍS og KÍ
- I. Fundargerð 845. fundar Sambands svf.
- J. Umhverfisstofnun endurgr. refa – og minkaveiða.
- K. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundi slitið kl. 17:30.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 1. febrúar næstkomandi.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

**Tímappantanir í
síma: 856-1599**



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Styðjum félagið okkar þegar við tökum þátt!


Munið að slá inn númerið ☺

802



Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi FjarSKIP-tafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.

Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com





Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP

facebook



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir

maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Á bak við eldavélina!



Jakob Þór Eiríksson Schram í Vorsabæ 1 kemur hér með spennandi uppskrift.

Komiði sælir sveitungar.

Sá áhugaverði atburður átti sér stað í seinasta fréttabréfi þegar Gnúpverjinn Ralf skoraði á Skeiðamanninn, mig, á hólmi í eldamennsku. Hann sýnir mikið hugrekki og ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Ástæðan er að ég tilheyri svokallaðri “Google” kynslóð. Við hikum ekki við að beita því vopni þegar þörf krefur. En eftir að vera hálfnaður með uppskrift af Beef Wellington og Soufflé ákvað ég að vera sanngjarn og koma með típískan eftirmiðdagsrétt hjá námsmanni í prófatíð.

Ég kynni til leiks hina víðfrægu EDLU:

Til þess að útskýra hvað þetta fyrirbæri er fyrir eldri kynslóðinni notaði ég “Google” og fann frétt frá 2014 af Nútímanum.

“Sala á rjómaosti hefur aukist mikið undanfarin misseri. Á sama tíma hefur heit ostadýfa, sem heil kynslóð af fólki kallar „eðlu“, aldrei verið vinsælli.” – Nútíminn.

Hráefni: (fyrir 1-2)

Rjómaostur 1 dolla
Mexíkó ostur hálf skífa
Rifinn ostur 1 poki
Salsasósa 1 dolla (salsa þýðir sósa á spænsku svo á íslensku er það Sósasósa)
Kartöfluflögur: Doritos blár/svartur/gulur

Aðferð:

Dreifa út rjómaostinum í eldfast mót.
Gott að miða við hálftrar tommu þykkt.
Hella salsasósunni vandlega yfir.
Strá rifna ostinum og mexíkó ostinum yfir.
Hita í 15-20 mínútur á 200 gráðum °C

Vísindin segja að án matar getur manneskjan lifað í mesta lagi 3 vikur og án vatns mesta lagi um viku. Þess vegna mæli ég með því að fá sér eðlu að minnsta kosti tvisvar í viku. Ég sendi boltann yfir í Gnúpverjahrepp til hennar Pálinu Axelsdóttur Njarðvík í Geldingarholti og skora á hana að toppa þetta.

Kveðja,
Jakob Þór, Vorsabæ 1





Menn og málefni!

Þann 23. október 2016 fæddist drengur hér í sveit.

Hann býr ásamt foreldrum sínum og tveimur eldri systkinum að Reykjum 1 á Skeiðum. Foreldrar hans eru Ásta Björg Nathanaelsdóttir og Axel S. Arndal. Systkinin eru bæði leikskólanum Leikholti og heita Kristín Ágústa sem verður 6 ára á þessu ári og fer því í Þjórsárskóla í haust og Hjörvar Ingi sem verður 3ja ára á árinu. Litli drengurinn var skírður og heitir Kári Fannar Axelsson. Hann vó 4110 gr og 52 cm. Um leið og við óskum fjölskyldunni innilega til hamingju með Kára Fannar bjóðum við þau öll að sjálfsgöðu hjartanlega velkomin í sveitina eins og alla aðra nýflutta hingað til okkar.



Þá útskrifaðist Nikulás Hansen Daðason Birkikinn, sem stúdent af Félagsfræðabraut frá FSu Selfossi þann 17. desember s.l. Við óskum honum innilega til hamingju með þennan áfanga en hann er kominn á fullt út í atvinnulífið.

Tómstundastyrkurinn 2017 !

Minum á að nú er hægt að sækja um tómstundastyrk fyrir árið 2017 og eru aðstandendur barna á aldrinum 6– 18 ára hvattir til að sækja um. Hægt er að nota nótur frá haustönn 2016 til greiðslu á vorönn 2017. Rafræn umsókn er á heimasíðu [skeidgnup.is/Stjómkerfið/Eyðublöð og umsóknir](https://skeidgnup.is/Stjornkerfið/Eyðublöð%20og%20umsóknir).

Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum þann 7. des. sl. að tómstundastyrkur skuli vera kr. 55.000,- árið 2017 fyrir sama aldur og áður er getið. Sendið frumrit af skráningu og kvittun þar sem því verður viðkomandi á kidda@skeidgnup.is annars með landpósti á skrifstofuna í Árnesi. khg.



TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar Grímnlesið, Bláskóga- byggð, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Með kv. TAXI DRIVER776 0810 & 783 1224

Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

<http://www.fontana.is>

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



**Verð kr.
3.548**



**Verð kr.
5.990**



**Verð kr.
6.850**



**Verð kr.
7.790**



**Verð kr.
11.590**



**Verð kr.
12.480**



**Verð kr.
7.950**



**Verð kr.
8.790**



**Verð kr.
13.790**



**Verð kr.
20.090**



**Verð frá kr.
53.290**



**Verð frá kr.
97.726**



**Verð frá kr.
97.726**

Einföld rúllugreip Frábært verð

Kr. 79.251

m/vsk



Rúllugreip sem tekur tvær rúllur



Með glussatjökkum til að færa armana inn og út

Kr. 345.464 m/vsk



Steinbitar

Eigum flestar stærðir af steinbitum á lager

**Hafið samband
og leitið tilboða**



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2017
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Frá 01. janúar- Open

Miðvikudaga: Wed. 17 - 22

Laugardaga: Sat. 13 - 18

Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er ca. 12 mínútna
akstur á milli lauganna.

Skeiðalaug

Frá 01. janúar - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

Eypór Brynjólfsson s. 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga.

Gleðilegt ár!



Íbúar í dreifbýli

**Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til
okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.**

**Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvi-
tækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og
skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í**

**reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi
við sveitarfélögin.**

**Nánari upplýsingar koma fram á
heimasíðu BÁ, www.babubabu.is
eða í síma 4-800-900.**